

Rafmennt ehf.
Þór Pálsson, skólastjóri
Stórhöfða 27
110 Reykjavík

Kópavogi, 23. september 2022
Tilvísun: M22020025

Efni: Viðurkenning einkaskóla á framhaldsskólastigi til eins árs.

Vísað er til umsóknar dagsett 4. febrúar 2022, þar sem sótt er um viðurkenningu sem einkaskóli á framhaldsskólastigi.

Samkvæmt III. kafla laga um framhaldsskóla, nr. 92/2008 getur mennta- og barnamálaráðherra veitt skólum, öðrum en opinberum framhaldsskólum, viðurkenningu til kennslu á framhaldsskólastigi. Í slíkri viðurkenningu felst staðfesting á því að starfsemi skóla uppfylli, á þeim tíma sem viðurkenningin er veitt, almenn skilyrði laganna og reglna sem settar eru með stoð í þeim. Reglugerð um viðurkenningu einkaskóla á framhaldsskólastigi nr. 426/2010 var sett 11. maí 2010.

Viðurkenning felur hvorki í sér vilyrði um framlög né fjárskuldbindingu af hálfu ríkissjóðs. Hún veitir nemendum skólans ekki sjálfkrafa rétt til fyrirgreiðslu úr Lánasjóði íslenskra námsmanna. Skólinn ber sjálfur alla ábyrgð á eigin skuldbindingum og starfsemi.

Skólanum ber, skv. 3. grein reglugerðar um viðurkenningu einkaskóla á framhaldsskólastigi, nr. 426/2010, að senda Menntamálastofnun árlega skýrslu um starfsemina og veita henni allar umbeðnar upplýsingar um rekstur og starfsemi þegar þess er óskað. Um skóla- og kennarafundi skal fara samkvæmt ákvæðum 9. og 10. gr. laga um framhaldsskóla. Skólinn skal hafa frumkvæði að því að upplýsa Menntamálastofnun án tafar um breytingar sem kunna að verða á starfsemi eða aðstöðu hans sem viðurkenning þessi byggir á. Uppfylli skólinn ekki lengur skilyrði laga, nr. 92/2008, um framhaldsskóla eða fyrirmæli sett samkvæmt þeim, getur ráðherra afturkallað viðurkenninguna. Ósk um endurnýjun viðurkenningar þessarar þarf að berast Menntamálastofnun ásamt fullnægjandi gögnum a.m.k. þremur mánuðum áður en hún rennur út.

Menntamálastofnun hefur metið skólanámskrá og önnur framlögð gögn um starfsemi Rafmenntar ehf. Gögnin voru borin saman við lög um framhaldsskóla, reglugerð um viðurkenningu einkaskóla á framhaldsskólastigi og almennan hluta aðalnámskrár framhaldsskóla. Meðal atriða sem metin eru sérstaklega eru rekstrarform, markmið náms og markhópur nemenda, skólanámskrá (með hliðsjón af starfsháttum, skipulagi náms, inntökuskilyrðum, réttindum og skyldum nemenda o.fl.), námsbrautarlýsingar, staðfesting á fjárhagslegri ábyrgð og rekstraröryggi, menntun og kjör starfsfólks og starfsaðstaða.

Samkvæmt 9. gr. reglugerðar nr. 426/2010 um viðurkenningu einkaskóla á framhaldsskólastigi er heimilt að veita skóla, sem ekki hefur hafið starfsemi sína, viðurkenningu til kennslu á framhaldsskólastigi til allt að eins árs að uppfylltum skilyrðum samkvæmt reglugerðinni.

Á grundvelli þess sem að framan greinir veitir Menntamálastofnun hér með Rafmennt ehf., kt. 590104-2050, viðurkenningu til kennslu á framhaldsskólastigi til eins árs frá dagsetningu þessa bréfs. Viðurkenningin grundvallast á skólanámskrá Rafmenntar ehf. og tekur til kennslu námsbrauta með námslok: 8 – Próf til starfsréttinda (þriðja þrep), 9 – Önnur lokapróf (þriðja þrep) og 11 – Viðbótarnám við framhaldsskóla (fjórða þrep).

Viðurkenningin byggir á því að kennsla fari fram í húsnæði skólans að Stórhöfða 27 eins og því er lýst í umsókn, sem hefur verið tekið út og samþykkt af heilbrigðiseftirliti og yfirvöldum brunamála. Jafnframt byggir hún á því að starfsemi skólans fari fram samkvæmt þeim forsendum og skilyrðum sem rakin eru í umsókn.

Með þessari viðurkenningu er staðfest að Rafmennt ehf. uppfylli viðmið til þess að kenna eftir staðfestum námsbrautalýsingum:

Rafvirkjun - Samningsleið (19-275-3-8)
Rafveituvirkjun (19-273-3-8)
Rafeindavirkjun (19-272-3-8)
Hljóðtækni (20-306-3-9)
Kvikmyndataækni (20-453-3-9)
Meistaraskóli rafiðngreina (20-414-4-11)

Áður en kemur til endurnýjunar á viðurkenningu þessari ber skólanum að tryggja að skólanámskrá sé í samræmi við aðalnámskrá framhaldsskóla, m.a. hvað varðar umfjöllun um grunnþætti, lykilhæfni og skipulag skólastarfsins. Einnig ber að fullvinna og innleiða sýn, stefnu, áætlanir og markmið í samræmi við 12. kafla aðalnámskrár. Enn fremur þarf að aðlagja innra mat að starfsemi framhaldsskóla í samræmi við 41. gr. framhaldsskólalaga nr. 92/2008 og skýra hvernig tryggt verði að starfsemi skólans uppfylli lög nr. 95/2019 um menntun, hæfni og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla.

Samkvæmt túlkun mennta- og barnamálaráðuneytis, dagsett 19. september 2022, skal úttekt gerð á starfsemi skólans að gildistíma takmarkaðrar viðurkenningar liðnum og áður en tekin er ákvörðun um veitingu viðurkenningar til tiltekins tíma, að hámarki þriggja ára í senn, sbr. 2. gr. reglugerðar nr. 426/2010. Telur ráðuneytið að meðal markmiða slíkrar úttektar sé að leggja mat á starfsemi og nám viðkomandi einkaskóla með hliðsjón af gildandi lögum um framhaldsskóla, reglugerðum og aðalnámskrá.

Enn fremur telur ráðuneytið það vera hlutverk Menntamálastofnunar að gera úttekt á starfsemi skóla í samræmi við orðalag 2. málsl. 1. mgr. 9. gr. reglugerðar nr. 426/2010, enda hafi ráðuneyti falið stofnuninni í janúar 2016 að annast viðurkenningar einkaskóla á framhaldsskólastigi.

Skólinn skal birta viðurkenningarbréf þetta ásamt skólanámskrá, verðskrá og gjaldtökureglum á vef sínum. Menntamálastofnun áskilur sér rétt til að birta viðurkenningarbréf þetta á vef sínum ásamt skólanámskrá Rafmenntar ehf.

Thelma Clausen Þórðardóttir, settur forstjóri

(Undirritað rafrænt)